

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Skólanefnd Framhaldsskóla – fundur 6. maí 2009, kl 12:05.

Mætt: Elliði Vignisson, Ólafur Elísson, Íris Róbertsdóttir, Gunnar Friðfinnsson, Hjalti Pálsson, Magnús Sigurðsson, Hafsteinn Gunnarsson og Ólafur H. Sigurjónsson.

- Skólastarfið:** Opinni viku í mars, lauk með vel heppnaðri árshátíð í Höllinni. Eiga nemendur hrós skilið fyrir jákvæða fyrirmyndarhegðun. Skólameistari sótti samstarfsfund framhaldsskólástigsins 23. mars, þar sem farið var yfir innleiðingu nýrra framhaldsskólalaga, stöðu og horfur í rekstri skólanna, innritun ofl. Skýr skilaboð komu um niðurskurð, en ekki verður ljóst hversu mikill hann verður, fyrr en með fjárlögum nýrrar ríkisstjórnar. Dagana 30. mars til 3. apríl voru 2 kennarar og 2 nemendur í Tyrklandi vegna EYE-blogg verkefnisins. Páll Steingrímsson var gestur okkar 2. apríl og sýndi hann nemendum mynd um Suðurskautslandið. Í páskaleyfi 6. – 14. apríl var gólfíð í sal skólans tekið í gegn, þússað og lakkað. Slysavarnarskóli sjómanna var hér með námskeið fyrir vélstjórnar- og skipstjórnarnema 14. til 16. apríl. Skipstjórnarnemar fengu svo gestakennara frá TÍ 17.-18. apríl og á sumardaginn fyrsta var farið með þá í æfingaferð með Vestmannaey. Menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir kom hér 15. apríl í stutta heimsókn, í fylgd bæjarstjóra og var þeim vel fagnað. Í apríl hóf skólinn formlegt samstarf við Fjölbrautaskóla Norðurlands Vestra, Menntaskólann á Ísafirði og Verkmenntaskóla Austurlands, um innleiðingu breytinga í kjölfar nýrra laga. Það er endurskoðun áfangalýsinga og ný markmiðssetning í skólastarfinu, ásamt fleiru. Stefnt er að sameiginlegum vinnufundi allra skólanna 25. – 26. maí á Sauðárkróki. Dimmission var í skólanum 22. apríl og gekk vel. Kennslu lauk 30. apríl og próf hófust 4. maí. Einkunnaafhending og prófsýning verða 20. maí. Skólaslit verða laugardaginn 23. maí kl 11 og þá útskrifast tæplega 20 nemendur. Innritun nýrra nemenda verður 15. maí til 11. júní. Innritun fatlaðra nemenda er hafin og er til 15. maí.
- Breytingar á starfsliði:** Fyrir lá beiðni frá Sigurði E. Vilhelmssyni um að halda stöðu sinni í eitt ár, meðan hann nær sér í kennsluréttindi. Nefndin samþykkti að ef ráðið yrði í stöðuna að ári liðnu hefði hann forgang. Tveir kennarar verða þá væntanlega í leyfi næsta vetur og einn fer úr heilli stöðu í hálf. Stefnt er að því að nota það svigrúm sem þetta gefur til að fresta áföngum og fækka þeim sem í boði verða í sparnaðarskyni. Það sem verður að manna umfram starfandi kennara, reynum við að leysa með stundakennurum. Gert er ráð fyrir að ráða sérkennara og skólaliða í hlutastörf vegna þriggja nýrra fatlaðra nemenda sem von er á næsta haust.
- Yfirlit fjarvista kennara,** lagt fram. Engar athugasemdir gerðar.
- Önnur mál:** Lögð var fram yfirlýsing um vilja ÍBV til að standa að stofnun íþróttakademíu við FÍV. Talsverð umræða varð um málið og nefndarmenn voru sammála um að erindið væri athyglisvert og jákvætt fyrir skólastarfið ef vel tækist til. Hugsanleg akademía ætti þó að vera stofnuð og rekin af ÍBV, en FÍV væri þá samstarfsaðili um ákveðna þætti. Nefndarmenn voru einnig sammála um að horfa til þess sem gert hefur verið á Selfossi, sem fyrirmyndar. Ákveðið var að skólameistari og Magnús Sigurðsson skólanefndarmaður ræddu nánar við fulltrúa ÍBV um málið.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 13:30 .

Ólafur H. Sigurjónsson